

Nr. 18-015 S 007 Sindri VE 60***Skipverji slasast í baki***

Skipaskr.nr. 1274
Útgerð: Vinnslustöðin hf.
Smíðaður: Japan, 1972, stál
Stærð: 582,96 brl. 849,03 bt.
Mesta lengd: 57,89 m *Skráð lengd:* 53,68 m
Breidd: 9,50 m *Dýpt:* 6,50 m
Vél: Niigata, 1691 kw, 1988
Fjöldi skipverja: 15



Sindri © Óskar Friðriksson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 1. nóvember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 27. nóvember 2017 var Sindri VE 60 á togveiðum á Suðvesturmiðum. Veður: 20 m/s.

Skipverjar voru að taka trollið en vegna mikils veltings slóst belgurinn í einn þeirra með þeim afleiðingum að hann kastaðist út í innri lunninguna og lenti á bakinu.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn fékk áverka neðarlega á bakið;
- að skipverjinn var ekki lögskráður í þessari veiðiferð en ekki fengust skýringar á því.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.